

afsal fyrir þinglýstum eignarhluta sínum í jörðinni Miðgörðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. febrúar 1981.

Nr. 35/1980. **Ákærvaldið**

(Pórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Gunnari Sölva Karlssyni

og

Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ölögleg meðferð fundins fjár. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærðu verði þyngd.

Ný sakavottorð ákærðu hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt hinu nýja sakavottorði ákærða Gunnars Sölva var hann í sakadómi Reykjavíkur 1. ágúst 1979 dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 19. ágúst 1980 dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir sams konar brot.

Ákærði Jóhann Maríus Kjartan var hinn 20. ágúst 1979 í sama dómi sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, en ekki dæmd refsing. Sama dag var hann dæmdur í 30.000 króna sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr., laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974. Hinn 5. janúar 1980 sættist hann á að greiða 1.000

króna sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengisлага. Hinn 14. apríl 1980 var hann dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og hinn 22. júlí s. á. í 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 231. gr. og 244. gr. sömu laga, en dómi í þessu máli var áfrýjað til Hæstaréttar. Hinn 31. október 1980 var hann dæmdur í 4 mánaða fangelsi (hegningarauka) fyrir brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga og hinn 24. nóvember s. á. í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. sömu laga, framið áður en héraðsdómur gekk í máli því, sem hér er til úrlausnar. Þá var hann 23. desember 1980 sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og sömu grein, shr. 20. gr. margnefndra laga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur (nýkr.).

Ákærðu komu fyrir dóm við þingfestingu málsins 6. mars 1979, en ekki í önnur skipti. Voru þeir þá yfirheyrðir saman í dóminum. Er það andstætt 4. mgr. 77. gr., shr. 4. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Gunnar Sölvi Karlsson og Jóhann Maríus Kjartan Benediktsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 14. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni

yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 84—85/1979: Ákærvaldið gegn Gunnari Sölva Karlssyni og Jóhanni Mariusi Kjartani Benediktssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 21. f. m., gegn:

1. Gunnari Sölva Karlssyni, Álftamýri 42, nú refsifanga, fæddum 23. sept. 1946 í Reykjavík,
2. Jóhanni Mariusi Kjartani Benediktssyni, Hvassaleiti 8, fæddum 25. janúar 1949 í Reykjavík, „fyrir auðgunarbrot, fram- in í Reykjavík í desember 1978, svo sem rakið er:

I. Atferli ákærða Gunnars Sölva á Þorláksmessu:

1) Ákærði sló eign sinni á plastpoka, sem í voru kvensloppur, tvær peysur, þrennar buxur og þrír skyrtubolir, en varninginn fann hann einhvers staðar í miðbænum.

2) Því næst fór ákærði inn í verslunina Stokk, Vesturgötu 3, og stal þar útvarpstæki.

Telst atferli ákærða í lið 1 varða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í lið 2 við 244. gr. sömu laga.

II. Þjófnaðir ákærðu beggja:

1) Á aðfangadagskvöld fóru ákærðu inn í mannlausa íbúð að Skipholti 55 og stálu þar þremur áfengisflöskum, magnara, allt að 25.000 krónum í peningum, vasatölvu, leðurjakka og skóla- tösku.

2) Á jólanótt brutust ákærðu inn í Ingólfsapótek í Hafnar- stræti og stálu þar miklu magni lyfja auk snyrtivarnings og 30 raka- og hitamæla, samtals að söluverðmæti 1.006.491 króna.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist.“

Málsatvik.

Að kvöldi 23. des. 1978 voru ákærðu handteknir í veitingahúsinu Naustinu, en kallað hafði verið til lögreglu frá ritfangaversluninni Vesturgötu 4 vegna manna, sem þar hefðu verið að reyna að stela vörum af viðskiptavin. Ákærði Gunnar Sölvi hafði beðið starfsstúlku í fatageymslu að geyma fyrir sig plastpoka, er í var fatnaður og útvarpstæki. Gunnar Sölvi hefur kannast við, að verðmæti þessi hafi verið honum ófrjáls. Pokann með fatnaðinum kveðst hann hafa fundið einhvers staðar í miðborginni. Hefur ekki hafst upp á eigandanum. Verðmætum þeim, sem í pokanum voru, er rétt lýst í ákæru og samkvæmt verðmerkingu

31.775 kr. að virði. Viðtækið reyndist ákærði hafa tekið í versluninni Stokknum, Vesturgötu 3, og var því skilað. Verðmæti þess er talið 10.000 kr.

Á aðfangadagskvöld fóru ákærðu að húsi nr. 55 við Skipholt, þar sem Jóhann Maríus Kjartan fór inn um glugga á mannlausri íbúð og hleypti Gunnari Sölva síðan inn. Þeir tóku þarna verðmæti, sem talin eru í ákæru. Þess eins er að geta, að Gunnar Sölvi minnst þess ekki, að þeir hafi tekið peninga, en Kjartan kveðst hafa tekið nokkuð af peningum, 10—15 þúsund kr. Við rannsókn málsins komust til skila magnarinn, tölvurnar, leðurjakkinn og taskan.

Á jólanótt brutust ákærðu síðan í félagi inn í Ingólfsapótek, sem er á horni Hafnarstrætis og Naustanna. Tóku þeir þar mikið af lyfjum, lyfjavörum og snyrtivörum. Við rannsókn málsins komust vörur þessar til skila, og reyndust þær vera að útsöluverði 1.006.491 kr. Tjón af innbrotinu áætlað apótekarinn 166.186 kr., og hafa ákærðu ekki gert athugasemd við þá áætlun, og hún er eigi athugaverð miðað við gögn málsins, en ákærðu höfðu brotið gler í útidyráhurð, og inni höfðu þeir rótað ýmsu til og unnið skemmdir.

Engar fjárkröfur hafa komið fram í máli þessu á hendur ákærðu.

Ákærðu hafa samkvæmt þessu framið þau brot, sem þeir eru saksóttir fyrir og eru rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Báðir eru ákærðu vanaafbrotamenn, svo sem fram kemur af ferli þeirra, sem nú verður rakinn:

Ákærði Gunnar Sölvi varð 1965 uppvís að skjalafalsi og gripdeild, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum 9 refsíðómum:

1971	11/2	4	mán.	fangelsi	fyrir	skjalafals	og	svik,
1972	11/2	4	mán.	fangelsi	fyrir	skjalafals	og	svik,
1972	7/3	3	mán.	fangelsi	fyrir	skjalafals,		
1973	26/1	6	mán.	fangelsi	fyrir	skjalafals	og	þjófnað,
1973	10/5	6	mán.	fangelsi	fyrir	þjófnað,		
1973	29/6	2	mán.	fangelsi	(hegn.auki)	fyrir	þjófnað,	
1973	3/10	4	mán.	fangelsi	(hegn.auki)	fyrir	þjófnað,	
1974	3/5	6	mán.	fangelsi	fyrir	þjófnað,		
1975	17/12	5	mán.	fangelsi	fyrir	þjófnað.		

Ákærði Jóhann Maríus Kjartan varð 1968 uppvís að þjófnaði, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann 13 sinnum verið dæmdur í refsingu, svo sem hér verður rakið:

- 1970 19/11 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.,
 1971 1/11 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 25. og 27. gr. um-
 ferðarlaga,
 1972 25/2 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals,
 1972 15/9 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.,
 1972 3/3 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.,
 1973 29/6 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað,
 1973 25/10 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals,
 1974 22/4 Sakfelldur fyrir ölvun við akstur, refsing ekki dæmd,
 1974 14/6 7 mán. fangelsi fyrir þjófnað og svik,
 1975 19/3 1 mán. fangelsi fyrir þjófnað (hegnauki),
 1975 2/7 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjárdrátt
 (staðf. í Hæstarétti 28. sept. 1977),
 1975 17/12 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað,
 1976 17/11 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.

Refsing hvors hinna ákærðu verður með hliðsjón af 72., 77. og 255. gr. alm. hegningarlaga ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Þá verða ákærðu dæmdir til þess að greiða in solidum kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Dóms orð:

Ákærðu, Gunnar Sölvi Karlsson og Jóhann Maríus *Kjartan* Benediktsson, sæti hvor um sig fangelsi 8 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 26. febrúar 1981.

Nr. 218/1980. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Maríusi *Kjartani* Benediktssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga. Þjófnaður.